

Eyjafjarðarsveit
Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
605 Akureyri

Reykjavík 28. ágúst 2020
UST202008-227/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030 – Efnistökusvæði í Bíldsárskarði vegna Hólasandslínu 3

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 24. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030 vegna efnistökusvæðis í Bíldsárskarði vegna Hólasandslínu 3.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreint er efnistökusvæði við lækjardrög efst í Bíldsárskarði þar sem heimilað er efnistaka allt að 30.000 m³ af efni á svæði sem verður að hámarki 10.000 m².

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 27. nóvember 2018 varðandi frummatsskýrslu Hólasandslínu 3.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæðið mun liggja í lækjardrögum efst í Bíldsárskarði. Umhverfisstofnun bendir á að vestan og neðar í skarðinu er vatnsverndarsvæði, votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013 og votlendisvistgerðir sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernasamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarf að vernda.

Hér er um að ræða töluverða framkvæmd þar sem er verið, auk efnistökusvæðisins, að leggja línu og línuvegi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess framkvæmdir raski ekki votlendissvæðunum og hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif á votlendið.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki. Auk þess geti uppbygging á svæðinu að mati Umhverfisstofnunar hafa neikvæð áhrif á ásýnd landsins.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að öll mannvirki og efnistökusvæðið falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir:
„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að við frágang svæðisins væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni namur.is.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur